

Mál nr. 7

Knattspyrnueild Völsungs gegn Knattspyrnudeild Stjörnunnar

Kæra Völsungs

- 1) Farið er fram á að leikurinn verði settur á aftur.
- 2) Dómari leiksins flautaði leikinn af þegar staðan var 7-7 í vítakeppni. Dómari hafði meinað Völsungum um að gera skiptingu en var það fyrsta skipting sem fram átti að fara í leiknum, útileikmaður ætlaði að skipta við markmann en dómari bannaði þeim að hafa treyjuskípti. Þegar leikurinn hafði verið flautaður af fóru menn í sturtu, eftir 40-50 mín. kom dómariinn og vildi þá flauta leikinn á aftur en við það vildu þjálfarar hvorki hjá Völsungi eða Stjörnunni una og sögðu leik lokið. Dómari fékk þá drengi úr Stjörnunni til að koma út á völlum í gallabuxum og strigaskóm, sem er bannað, og taka eina vítaspyrnu með engum markmanni í markinu, en var þá farið að rökkva. Var Stjörnunni dæmdur 3-0 sigur í þessum leik og getum við ekki með nokkru móti sætt okkur við það. Þegar búið er að flauta leik af er honum lokið og ekki hægt að flauta hann á aftur, ekki sama leikinn.

Hægt er að fá úr því skorið hjá dómurum sem hafa réttindi hvort ekki hafi verið brotið á Völsung í þessum leik, okkar fyrirspurnir til dómara styðja það.

Mörg vitni eru að þessum leik en frá Húsavík fóru 14 strákar og þjálfarinn. Einnig voru aðilar sem í forsvari voru fyrir Stjörnuna ekki sáttir við vinnubrögð dómans.

Virðingarfyllst,
Linda M. Baldursdóttir, Húsavík.

Greinargerð Stjörnunnar

Undirritaður vísar til ódagsettrar kæru Völsungs til KSÍ þar sem farið er fram á að fyrrgreindur leikur verði settur á að nýju.

Málsatvik

Málsatvik voru með þessum hætti: Að loknum venjulegum leiktíma var staðan 3-3, eftir framlengingu var staðan 3-3 og hafði einum leikmanna Völsungs verið vísað af leikvelli undir lok framlengingarinnar. Þegar kom að vítaspyrnukeppninni, hóf Stjarnan leikinn og var skorað úr fyrstu 2 spyrnum beggja liða. Krafðist þjálfari Völsungs þess þá að hann fengi að skipta um markvörð, þannig að útileikmaður færi í mark í staðinn fyrir markvörðinn sem hafði spilað allan leikinn. Dómari leiksins synjaði þeirri beiðni. Var keppninni haldið áfram og krafðist þjálfari Völsungs þess sama í hvert skipti sem leikmenn Stjörnunnar tóku víti að hann fengi að skipta um markvörð. Þegar kom að 5. spyrnu Stjörnunnar, fannst dómara leiksins nóg komið og vísaði þjálfara Völsungs af leikvelli. Þjálfari Völsungs neitaði að yfirgefa völlum, þar sem að þá væri enginn til að ákveða hver ætti að taka vítin fyrir Völsung.

Tjáði dómari leiksins leikmanni Stjörnunnar sem hafði beðið í um 10 mínútur í tilheyrandi stressi eftir því að taka vítið að Stjarnan hefði unnið leikinn og tók boltann og fór inn í búningsklefa. Bæði lið fóru í sturtu en ca 10-25 mínútum eftir að inn í klefa var komið kom dómari leiksins og vildi, í samræmi við ákvörðun mótanefndar, að leikurinn yrði kláraður og úrslit fengjust í leiknum.

Undirritaður ræddi þá við Birki Sveinsson hjá mótanefndinni í síma og hann krafðist þess að ég sendi leikmenn mína út á völlum að klára leikinn og vísaði hann til þess að mótanefndin vildi fá úrslit og að það hefði í raun ekki verið hægt að halda leiknum áfram á þessari stundu sem

dómarinn fór af velli, en nú væri búið að rýma völlinn og því mögulegt að klára málið. Líkt og ef áhorfendur hefðu ruðst inn á völlinn og fresta yrði leiknum á slíkum forendum meðan verið væri að rýma völlinn.

Eftir 40-50 mínútur fór einn leikmanna Stjórnunnar út á völl og tók síðustu spyrnuna í autt markið. Leikmenn Völsungs mættu ekki til keppninar. Á þeim tímapunkti ræddu hins vegar þjálfarar liðanna að auðvitað hefði verið réttast að nýr leikur yrði settur á og var það viðrað við Birki í áðurgreindu símtali sem aftók það með öllu.

Til nokkurra atriða er að líta áður en ákvörðun mótanefndar KSÍ verður tekin:

Í fyrsta lagi þá fögnuðu leikmenn Stjórnunnar gífurlega þegar að dómari leiksins sagði að þeir hefðu unnið leikinn. Þeir létu sig hafa það að fara í síðustu spyrnuna, þrátt fyrir að viðkomandi leikmaður væri búinn að vera að deyja úr stressi síðustu klukkustundina áður en spyrnan var tekin og vildi hann í raun ekki taka spyrnuna vegna þess að hann var hræddur um að brenna vítaspyrnunni af. Var ekki mikill fögnuður í kjölfar þessa, enda þótti mönnum leiðinlegt að vinna leikinn með þessum hætti.

Í annan stað spilaði Stjarnan gífurlega erfiðan leik tveimur dögum síðar við Val um rétt til að keppa í undanúrslitum, vannst sá leikur með marki á síðustu mínútu leiksins, við vægast sagt mikinn fögnuð leikmanna og aðstandenda og tilheyrandi stolti að vera komnir í undanúrslit Íslandsmótsins.

Verði leikurinn spilaður að nýju hlýtur slíkt að valda gífurlegum vonbrigðum hjá þessum óhörðnuðu unglingum, ekki síst ef úrslit leiksins yrðu á annan veg en upphaflega.

Í ljósi ofangreinds eru röksemdir Stjórnunnar þessar:

Dómari leiksins tók ákvörðun um að leyfa ekki að skipta um markmann í vítakeppninni, ekki er fjölyrt um það hér og nú hvort að slíkt hafi verið rétt eða röng ákvörðun, en þetta er ákvörðun dómara í leiknum sem ekki er kæránleg. Líkt og að ekki er hægt að kæra ákvörðun dómara þó að hann gefi ranglega vítaspyrnu í knattspyrnuleik.

Dómari leiksins rak þjálfara Völsungs af leikvelli, hann fór ekki af leikvelli þegar í stað sem hafði mikil áhrif á vítaskyttu Stjórnunnar. Líta verður svo á að dómari leiksins hafi frestað framkvæmd leiksins, þrátt fyrir að honum hafi orðið á þau mistök að taka það ekki skýrt fram í upphafi við fyrirliða liðanna. Þegar að búið var að rýma völlinn og í samræmi við ákvörðun mótanefndar fór leikmaður Stjórnunnar og kláraði leikinn þannig að úrslit fengjust. Í raun þurfti hann ekki að taka viðkomandi spyrnu þar sem að Völsungur mætti ekki til leiks og ætti samkvæmt því að tapa leiknum 3-0 með vísan til reglugerða um knattspyrnumót 4.2.1.

Ekki er um formlega kæru Völsungs að ræða samkvæmt lögum um Dómstóla KSÍ, þar sem að kæran uppfyllir ekki formskilyrði þess og því eingöngu um beiðni til mótanefndar að ræða.

Stjarnan er búin að spila annan leik gegn Val og því myndi ákvörðun um nýjan leik hugsanlega ógilda þann leik. Þarna er um hættulegt fordæmi að ræða sem gæti valdið því að hugsanlega yrði að spila heilu mótin uppá nýtt vanga “meintra mistaka” dómara og/eða mótanefndar sem ákvað að fá úrslit í leiknum.

Til vara er rétt að krefjast neðangreinds verði ákveðið að leikurinn verði spilaður að nýju:

1. Þeir leikmenn Stjórnunnar sem voru í leikbanni gegn Völsungi verða taldir hafa tekið úr sitt leikbann og geti spilað með í nýjum leik.
2. Þeir leikmenn og þjálfari Völsungs sem fengu rauð spjöld og þar af leiðandi leikbann/bönn í kjölfar fyrri leiksins verði í leikbanni í nýjum leik.

3. Sigrí Stjarnan Völsung að nýju, standi úrslit leiksins gegn Val um sæti í undanúrslitum, þannig að ekki þurfi að spila þann leik að nýju.
4. KSÍ greiði allan ferðakostnað liðanna vegna leiksins.

Undirritaður gerir sér grein fyrir því að hér er um erfitt mál að ræða, hver sem ákvörðun mótanefndar verður. Leikmenn Stjörnunnar sem fagnað hafa sæti í undanúrslitum munu verða ákaflega sorgbitnir ef KSÍ forystan tekur það af þeim sem þeir hafa unnið fyrir hörðum höndum.

Leikmenn Völsungs munu telja sig hlunnfarna af KSÍ og kannski sérstaklega dómara leiksins ef ekki verður nýr leikur. Þó er rétt að geta þess að stóran hlut af því á þjálfari Völsungs sem neitaði að yfirgefa völlinn þannig að hægt verði að fá úrslit með eðlilegum hætti. Jafnframt neitaði hann að senda leikmenn sína að nýju í vítakeppnina, því hann vildi ekki að óharðnaður unglingur ætti hugsanlega eftir að klúðra leiknum í slíkri keppni með tilheyrandi stríðni og ati félagá sinna í allan vetur, en hann sagði allar sínar bestu vítaskyttur búnar að taka víti.

Vissulega er ömurlegt að vinna leik með þessum hætti, en gleðin að loknum leik við Val vegur það vel upp.

Samkvæmt samtali við þjálfara Völsungs var 3. flokkur félagsins að fara til Finnlands, geta þeir spilað leikinn að nýju og hvenær þá?

Umrædd kera hefur haft umtalsverð áhrif á undirbúning Stjörnunnar fyrir leik gegn Fjölni, væri ekki rétt að spila hann á laugardaginn og úrslitaleikinn á mánudag?

Virðingarfyllst,
f.h. knattspyrnudeildar Stjörnunnar

Sigurður Guðmundsson,
þjálfari 3. flokks Stjörnunnar og stjórnarmaður

Úrskurður Dómstóls KSÍ

Ár 2001, miðvikudaginn 5. september er dómþing Knattspyrnudómstóls KSÍ sett og háð af Gunnari Guðmundssyni í húsakynnum KSÍ í Laugardal í Reykjavík. Fyrir er tekið mál nr. 5/2001, Íþróttafélagið Völsungur, knattspyrnudeild gegn Ungmennafélaginu Stjörnunni, knattspyrnudeild.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur:

Mál þetta er móttækið af skrifstofu KSÍ í gær, þann 4. september. Kærandi er Íþróttafélagið Völsungur, knattspyrnudeild. Kærði er Ungmennafélagið Stjarnan, knattspyrnudeild. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 4. september 2001

Dómkröfur kæranda

Kærandi krefst þess að leikur Völsungs og Stjörnunnar í 3.flokki karla, sem fram fór í úrslitum Íslandsmóts C- riðils á Blönduósvelli föstudaginn 31. ágúst s.l., verði settur á aftur. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð samdægurs sem hann og gerði. Ennfremur var dómari beðinn um nánari atvikalýsingu.

Eftirfarandi dómsskjöl liggja fyrir í málinu:

Nr. 1 Kæra dags. 31. ágúst 2001

Nr. 2 Greinargerð kærða dags 5. september 2001

Nr. 3 Leikskýrsla

Nr. 4 Skýrsla til Aganefndar

Nr. 5 Skýrsla dómara

Málsatvik

Kærandi segir málsatvik hafa verið í stórum dráttum eftirfarandi: Dómari leiksins flautaði leikinn af þegar staðan var 7-7 í vítaspyrnukeppni. Dómari hafði meinað Völsungum um að gera skiptingu, en það var fyrsta skipting sem fram átti að fara í leiknum. Útileikmaður ætlaði að skipta við markmann en dómari bannaði þeim að hafa treyjuskípti. Þegar leikurinn hafði verið flautaður af fóru menn í sturtu, en eftir 40-50 mín. kom dómariinn og vildi þá flauta leikinn á aftur. Við það vildu þjálfarar hvorki hjá Völsungi eða Stjörnunni una og sögðu leik lokið.

Dómari fékk þá drengi úr Stjörnunni til að koma út á völl í gallabuxum og strigaskóm og taka eina vítaspyrnu með engum markmanni í markinu. Var þá farið að rökkva. Var Stjörnunni dæmdur 3-0 sigur í þessum leik. Kærandi kveður sig ekki með nokkru móti geta sætt sig við þá niðurstöðu og kærir því málið til Dómstóls KSÍ. Þegar búið sé að flauta leik af er honum lokið og ekki hægt að flauta hann á aftur.

Kærandi telur jafnframt að mörg vitni hafi verið að þessum atburðum.

Málsatvik telur kærði að hafi verið eftirfarandi:

“Málsatvik voru með þessum hætti: Að loknum venjulegum leiktíma var staðan 3-3, eftir framlengingu var staðan 3-3 og hafði einum leikmanna Völsungs verið vísað af leikvelli undir lok framlengingarinnar. Þegar kom að vítaspyrnukeppninni hóf Stjarnan leikinn og var skorað úr fyrstu 2 spyrnum beggja liða. Krafðist þjálfari Völsungs þess þá að hann fengi að skipta um markvörð, þannig að útileikmaður færi í mark í staðinn fyrir markvörðinn sem hafði spilað allan leikinn. Dómari leiksins synjaði þeirri beiðni. Var keppninni haldið áfram og krafðist þjálfari Völsungs þess sama í hvert skipti sem leikmenn Stjörunnar tóku víti að hann fengi að skipta um markvörð. Þegar kom að 5. spyrnu Stjörunnar, fannst dómara leiksins nóg komið og vísaði þjálfara Völsungs af leikvelli. Þjálfari Völsungs neitaði að yfirgefa völlinn, þar sem að þá væri engin til að ákveða hver ætti að taka vítin fyrir Völsung.

Tjáði dómari leiksins leikmanni Stjörunnar sem hafði beiðið í um 10 mínútur í tilheyrandi stressi eftir því að taka vítið að Stjarnan hefði unnið leikinn og tók boltann og fór inn í búningsklefa. Bæði lið fóru í sturtu en ca. 10-25 mínútum eftir að inn í klefa var komið, kom dómari leiksins og vildi, í samræmi við ákvörðun mótanefndar, að leikurinn yrði kláraður og að úrslit fengjust í leiknum.

Undirritaður ræddi þá við Birki Sveinsson hjá mótanefndinni í síma og hann krafðist þess að ég sendi leikmenn mína út á völl að klára leikinn og vísaði hann til þess að mótanefndin vildi fá úrslit og að það hefði í raun ekki verið hægt að halda leiknum áfram á þessari stundu sem dómariinn fór af velli, en nú væri búið að rýma völlinn og því mögulegt að klára málið. Líkt og ef áhorfendur hefðu ruðst inn á völlinn og fresta yrði leiknum á slíkum forsendum meðan verið væri að rýma völlinn.

Eftir 40-50 mínútur fór einn leikmanna Stjörunnar út á völl og tók síðustu spyrnuna í autt markið. Leikmenn Völsungs mættu ekki til keppninar. Á þeim tímamarki ræddu hins vegar þjálfarar liðanna að auðvitað hefði verið réttast að nýr leikur yrði settur á og var það viðráð við Birki í áðurgreindu símtali sem aftók það með öllu.

Áfram segir orðrétt í greinargerð kærða: ”Í fyrsta lagi þá fögnuðu leikmenn Stjörunnar gífurlega þegar dómari leiksins sagði að þeir hefðu unnið leikinn. Þeir létu sig hafa það að fara í síðustu spyrnuna, þrátt fyrir að viðkomandi leikmaður væri búinn að vera að deyja úr stressi síðustu klukkustundina áður en spyrnan var tekin og vildi hann í raun ekki taka spyrnuna vegna þess að hann var hræddur um að brenna af vítaspyrnunni. Var ekki mikill fögnuður í kjölfar þessa, enda þótti mönnum leiðinlegt að vinna leikinn með þessum hætti.

Í annan stað spilaði Stjarnan gífurlega erfiðan leik tveimur dögum síðar við Val um rétt til að keppa í undanúrslitum, vannst sá leikur með marki á síðustu mínútu leiksins, við vægast sagt

mikinn fögnuð leikmanna og aðstandenda og tilheyrandi stolti að vera komnir í undanúrslit Íslandsmótsins.

Verði leikurinn spilaður að nýju hlýtur slíkt að valda gífurlegum vonbrigðum hjá þessum óhörðnuðu unglingum, ekki síst ef að úrslit leiksins yrðu á annan veg en upphaflega.

Röksemdir kærða eru eftirfarandi eins og greinir í greinargerð hans:

“Dómari leiksins tók ákvörðun um að leyfa ekki að skipta um markmann í vítakeppninni, ekki er fjölyrt um það hér og nú hvort að slíkt hafi verið rétt eða röng ákvörðun, en þetta er ákvörðun dómara í leiknum sem ekki er kæránleg. Líkt og að ekki er hægt að kæra ákvörðun dómara þó að hann gefi ranglega vítaspyrnu í knattspyrnuleik.

Dómari leiksins rak þjálfara Völsung af leikvelli, hann fór ekki af leikvelli þegar í stað sem hafði mikil áhrif á vítaskyttu Stjörnunnar. Líta verður svo á að dómari leiksins hafi frestað framkvæmd leiksins, þrátt fyrir að honum hafi orðið á þau mistök að taka það ekki skýrt fram í upphafi við fyrirlíða liðanna. Þegar að búið var að rýma völlinn og í samræmi við ákvörðun mótanefndar fór leikmaður Stjörnunnar og kláraði leikinn þannig að úrslit fengjust. Í raun þurfti hann ekki að taka viðkomandi spyrnu þar sem að Völsungur mætti ekki til leiks og ætti samkvæmt því að tapa leiknum 3-0 með vísan til reglugerðar um knattspyrnumót 4.2.1.

Ekki er um formlega kæru Völsungs að ræða samkvæmt lögum um dómstóla KSÍ, þar sem að kæran uppfyllir ekki formskilyrði þess og því eingöngu um beiðni til mótanefndar að ræða.

Stjarnan er búin að spila annan leik gegn Val og því myndi ákvörðun um nýjan leik hugsanlega ógilda þann leik. Þarna er um hættulegt fordæmi að ræða sem gæti valdið því að hugsanlega yrði að spila heilu mótin uppá nýtt, vegna “meintrá mistaka” dómara og/eða mótanefndar sem ákvað að fá úrslit í leiknum.

Til vara er rétt að krefjast neðangreinds verði ákveðið að leikurinn verði spilaður að nýju:

1. Þeir leikmenn Stjörnunnar sem voru í leikbanni gegn Völsungi verði taldir hafa tekið út sitt leikbann og geti spilað með í nýjum leik.
2. Þeir leikmenn og þjálfari Völsungs sem fengu rauð spjöld og þar af leiðandi leikbann/bönn í kjölfar fyrri leiksins verði í leikbanni í nýjum leik.
3. Sigrí Stjarnan Völsung að nýju, standi úrslit leiksins gegn Val um sæti í undanúrslitum, þannig að ekki þurfi að spila þann leik að nýju.
4. KSÍ greiði allan ferðakostnað liðanna vegna leiksins.”

Niðurstaða

Með hliðsjón af framangreindum málsatvikum aðila og dómara fyrrgreinds leiks er ljóst að leiknum lauk með sigri hins kærða félags, Stjörnunnar. Þær yfirsjónir dómara sem kærandi telur hann hafa gerst sekan um við dómgæslu leiksins breyta ekki úrslitum leiksins. Ber því að synja kröfu kæranda um að framangreindur leikur sem fram fór þann 31. ágúst s.l., verði leikinn að nýju eða “settur á aftur” eins og kemur fram í bréfi kæranda sem dómurinn skoðar sem kæru þrátt fyrir að öll skilyrði kæru séu ekki uppfyllt.

Dómsorð

Úrslit leiks Völsungs og Stjörnunnar í C- riðli úrslitakeppni Íslandsmóts 3.flokks karla, sem fram fór 31. ágúst s.l. skulu standa óhögguð.

Þannig fram farið
Gunnar Guðmundsson

Áfrýjun Íþróttafélagsins Völsungs

Athugasemdir við mál nr. 5, 2001 hjá dómstól KSÍ og formleg kæra Íþróttafélagsins Völsungs grundvölluð á athugasemdunum og fyrri kæru um að vísa málinu áfram á æðra dómstig.

Með neðangreindum athugasemdum við afgreiðslu málsins af hálfu KSÍ, svo og við röksemdir kærða (samkvæmt túlkun KSÍ), fer Íþróttafélagið Völsungur fram á að málið fari á æðra dómstig.

Í röksemdum kærða segir:

..... en þetta er ákvörðun dómara í leiknum sem ekki er kæranleg.

Athugasemdir Völsungs:

Verið er að kæra úrslit leiksins vegna þess hvernig þau eru fengin, þ.e. á ólöglegan hátt gegn lögum KSÍ m.a. þar sem dómari leyfir ekki skiptingu á markvörðum (sjá knattspyrnulög KSÍ um framkvæmd vítaspyrnukeppni). (Sjá einnig hér neðar).

Í röksemdum kærða segir:

..... Líta verður svo á að dómari hafi frestað framkvæmd leiksins, þrátt fyrir að honum hafi orðið á þau mistök að taka það ekki skýrt fram í upphafi við fyrirliða liðanna.

Athugasemdir Völsungs:

Dómari frestaði ekki framkvæmd leiksins heldur flautaði leikinn af og gaf það skýrt til kynna að honum væri lokið. Þá var staðan þannig að hvort lið um sig hafði skorað 7 mörk og því nokkuð ljóst að nýr leikur þyrfti að fara fram. Í 7. gr. Knattspyrnulaga KSÍ stendur:

“Leikur sem slítið hefur verið, skal leikinn að nýju, nema mótareglur kveði á um annað”.

Ef hægt er að leiðrétta þau mistök dómarans að flauta leikinn af þá er allt eins hægt að leiðrétta önnur mistök hans s.s. þau að leyfa ekki umbeðinni skiptingu að fara fram. Því hefði á ofangreindum forsendum allt eins verið eðlilegt, að eftir símtal/símtöl við starfsmann mótanefndar hefði verið farið inn á leikvöll aftur, markmannsskiptin farið fram og haldið áfram þar sem frá var horfið.

Í röksemdum kærða segir einnig:

..... *Í annan stað spilaði Stjarnan gífurlega erfíðan leik tveimur dögum síðar við Val um rétt til að keppa í undanúrslitum, vannst sá leikur með marki á síðustu mínútu leiksins, við vægast sagt mikinn fögnuð leikmanna og aðstandenda og tilheyrandi stolti að vera komnir í undanúrslit Íslandsmótsins.*

Verði leikurinn spilaður að nýju hlýtur slíkt að valda gífurlegum vonbrigðum hjá þessum óhörðnuðu unglíngum, ekki síst ef að úrslit leiksins yðru á annan veg en upphaflega.

Athugasemdir Völsungs:

Það að Stjarnan hafi spilað annan leik einnungis tveimur dögum síðar er málinu algörlega óviðkomandi. Það er varla hægt að ætlast til þess að kærumáli sé lokið á svo stuttum tíma. Þ.a.l. er umfjöllunin um væntanleg vonbrigði hjá óhörðnuðum unglíngum til þess fallin að kasta rýrð á gildi kærunnar og þeirrar umleitunar Íþróttafélagsins Völsungs að úrslit í leik sínum við Stjörnuna á sanngjarnan og viðeigandi hátt samkvæmt lögum KSÍ.

Í röksemdum kærða segir einnig:

Stjarnan er búin að spila annan leik við Val og því myndi ákvörðun um nýjan leik hugsanlega ógilda þann leik. Þarna er um hættulegt fordæmi að ræða sem gæti valdið því að hugsanlega yrði að spila heilu mótið upp á nýtt, vegna “meintrá mistaka” dómara og/eða mótanefndar sem ákvað að fá úrslit í leiknum.

Athugasemdir Völsungs:

Aftur skal vísað til þess að það að Stjarnan spilaði annan leik einungis tveimur dögum eftir þetta væintýri í leik sínum gegn Völsungi er málinu algjörlega óviðkomandi. Aftur er verið að kasta rýrð á gildi kærunnar með umfjölluninni um að hugsanlega verði að spila heilu mótin að upp á nýtt því að væntanlega væri þá kærufrestur löngu útrunninn og því kæmi aldrei til þess. Í öllu falli er lítið mál að koma í veg fyrir slíkt með hæfilega stuttum/löngum kærufresti. Ummæli þessi jaðra við vanvirðingu gagnvart Íþróttafélaginu Völsungi og þeirri umleitun félagsins til að fá rétti sínum framgengt. Það er hættulegt fordæmi ef ungir og óharðnaðir unglingar kynnast því að úrslit leikja geti ráðist af öðru en þeirra eigin frammistöðu með uppákomum eins og þessum.

Rétt er að benda á að samkvæmt knattspyrnulögum KSÍ um framvæmd vítaspyrnukeppni segir eftirfarandi:

“Lögmætur leikmaður má hvenær sem er skipta um stöðu við eigin markvörð í vítaspyrnukeppni”.

Ákvörðun dómarans í umræddum leik þess efnis að leyfa ekki umbeðna skiptingu sem hér að ofan greinir er óumdeildanlega röng og því brot á knattspyrnulögum KSÍ. Þjálfari Völsungs var þess fullviss og því augljóslega verið að brjóta á rétti hans og liðsins af hálfu dómarans. Það er ekki hægt að leggja að jöfnu umdeilda meinta vítaspyrnudóma í leik þar sem ekki er hægt að gera þær kröfur til dómara að hann sjái öll leikbrot á meðan á leik stendur. Vísan í slíkt er því máli þessu óviðkomandi. Hér er ekki um umdeilt atvik að ræða sem erfitt er að koma auga á, hér er annað hvort um vanþekkingu dómarans á knattspyrnulögum KSÍ að ræða eða vilja hans til þess að brjóta lögin vísvitandi sem ekki hvarflar að okkur hjá Völsungi að ætla.

Rétt er að benda á eftirfarandi:

Þegar dómari leiksins ákvað að hefja leik að nýju þá höfðu allir leikmenn þegar farið í sturtu og klætt sig í annan klæðnað en telst til viðeigandi keppnisklæðnaðar. Það er því augljóst brot á 4. gr. Knattspyrnulaga KSÍ um búnað leikmanna þegar leikmaður fór inn á leikvöll í gallabuxum og tók síðustu vítaspyrnuna sem dómari síðan byggir ákvörðun sína um sigur Stjörnunnar í leiknum á. Í 4. gr. segir ma:

“Lágmarks skyldubúnaður leikmanns er: Peysa eða skyrta, stuttbuxur – ef klæðst er hitabuxum innanundir skulu þær vera í sama meginlit og stuttbuxurnar, sokkar, leggklífar, skór”.

Ef úrslit leiksins grundvallast ekki á þessu marki heldur því að lið Völsungs mætti ekki til leiks, þá er rétt að benda á það að lið Stjörnunnar mætti heldur ekki til leiks í viðeigandi klæðnaði til þess að hefja leik aftur og því fellur þetta um sjálft sig, úrslit voru ekki fengin með lögmeðum hætti.

Ein spurning: Hvað hefði dómari leiksins gert ef markvörður Völsungs hefði lent á stöng marksins í einni tilraun sinni við að verja vítaspyrnu í vítaspyrnukeppninni og slasað sig þannig að hann gæti ekki leikið áfram? Hefði dómariinn þá heimtað skiptingu?

Í niðurstöðu dóms KSÍ kemur fram að bréf það sem Íþróttafélagið Völsungur sendi er skoðað sem kæra þrátt fyrir að hafa ekki uppfyllt öll skilyrði kæru. Íþróttafélagið Völsungur fer því þess á leit við KSÍ að bréfið sé áfram skoðað sem kæra ásamt þessu skjali hér.

Við hjá Íþróttafélaginu Völsungi teljum að það sé knattspyrnunni á Íslandi ekki til framdráttar að úrslit skuli fengin með ofangreindum hætti, enda knattspyrnulög KSÍ margbrotin. Við teljum því rétt að annar leikur verði settur á hið fyrsta. Það er vafalítið ekki vilji knattspyrnudrengjanna sjálfra sem þarna öttu kappi að úrslit séu fengin á þennan hátt.

Virðingarfyllst,
f.h. Íþróttafélagsins Völsungs
Linda Baldursdóttir

Úrskurður Dómstóls KSÍ

Ár 2001, mánudaginn 10. september kom áfrýjunardómstóll KSÍ saman kl. 15:00 á skrifstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. að Skólavörðustíg 6B í Reykjavík.

Mættir voru aðalmenn, sem kjörnir voru í dómstólinn á KSÍ þingi 10. og 11. febrúar 2001 þeir Jón Steinar Gunnlaugsson, Jón Gunnar Zoega og Guðmundur Jónsson.

Fyrir var tekið málið nr. 1/2001: Íþróttafélagið Völsungur, knattspyrnudeild gegn Ungmennafélaginu Stjörnunni, knattspyrnudeild.

Af hálfu áfrýjanda er mætt Linda Baldursdóttir, af hálfu varnaraðila er mættur Sigurður Guðmundsson.

Var nú kveðinn upp svofelldur dómur:

Dómari knattspyrnukappleiks stjórnar leiknum og ber í því efni að framfylgja knattspyrnulögunum, sbr. 5. grein knattspyrnulaganna 2001, sem KSÍ hefur gefið út á íslensku. Áfrýjanda var heimilt samkvæmt 3. grein að láta einn af útileikmönnum sínum skipta um stöðu við markvörð liðsins, sbr. sérreglur laganna um vítaspyrnukeppni. Sú ákvörðun dómarans að synja honum um þetta var því ekki í samræmi við reglur laganna, en í 5. grein þeirra er hins vegar kveðið svo á, að úrskurðir dómarans varðandi atvik leiksins séu endanlegir. Telja verður að synjun dómarans á þessum skiptum falli þar undir. Dómstóla KSÍ skortir því heimild til að endurkoða þessa ákvörðun dómarans, þó að röng hafi verið. Gildir í þessu efni hið sama og um fjölda annarra ákvarðana sem dómari tekur meðan á leik stendur. Þær standa óhaggaðar, þó að sannað sé að þær hafi verið rangar. Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsenda hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Fleira gerðist ekki. Dómþingi slitið.

Jón Steinar Gunnlaugsson
Jón Gunnar Zoega
Guðmundur Jónsson